

Nd.

354. Nefndarálit

[175. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frv. felur í sér staðfestingu á því, sem almenningur hér á landi hafði beyg af undanfarnar vikur, að enn einu sinni ætti að fella gengi íslensku krónunnar. Þetta frv. felur í sér beina gengisfellingu um 13%, en það jafngildir hækkun á erlendum gjaldeyri að meðaltali um 15%.

Núverandi ríkisstjórn hefur því þrisvar sinnum á valdaferli sínum lækkað gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri með sérstakri löggjöf þar um. Auk þess hefur hún beitt eða látið Seðlabankann beita svonefndu gengissigi. Þetta gengissig hefur verið svo ört á undanförunum nokkrum vikum, að það jafngilti nokkurn veginn 2% gengisfellingu að meðaltali á mánuði. Þetta hefur almenn- ingur fundið og skynjað stöðugar verðhækkanir á erlendri vöru. Til þess að draga úr áhrifum af rýrnandi verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum aðföngum hefur hver og einn einstaklingur eftir bestu getu og aðstæðum eytt lausafé sínu. Þessi ráðstöfun hins almenna borgara hefur leitt af sér meiri eftirspurn á erlendum gjaldeyri af hálfu innflytjenda, og voru hiðraðir í gjaldeyrisbönkunum eftir að fá að kaupa erlendan gjaldeyri, sem var kominn að mati margra á útsöluverð. Seðla- banki Íslands sá sig því til neyddan, auðvitað í samráði við stjórnvöld, að fella niður skráningu á erlendum gjaldeyri og svonefnd gjaldeyrisnefnd bankanna var látin tefja venjulega afgreiðslu gjaldeyrisumsóknna eftir föngum. Almenn- ingur hefur undanfarna daga keypt dýrar vörur fram úr hófi til þess að bjarga rýrnun spari- fjár frá meiri skakkaföllum, sem þessi beina gengisfelling annars hefði í för með sér. Hverjum einstaklingi, sem hefur átt sparifé í bankastofnunum ríkisins undan- farin ár, er nokkur vorkunn þar sem sameiginleg rýrnun sparifjár landsmanna á árinu 1977 nemur um eða yfir 14 milljörðum króna. Enn einu sinni er ráðist af hálfu stjórnvalda á sparnaðarviðleitni hins almenna borgara og hann sviptur verð- mætum sparnaði, sem hann á í formi sparifjár í bankastofnunum landsins. Það er skoðun undirritaðs, að ógerlegt sé að koma á jafnvægi í neyslu og fjárfestingu í þjóðarþúskað okkar meðan fylgt er gengislækkunar- og gengissigsstefnu, eins og átt hefur sér stað í mörg undanfari- n ár. Hér eiga allir stjórn- málaflokkar hlut að máli, og við höfum verið í miklum minni hluta hér á háttvirtu Alþingi, þeir þingmenn er telja þessa stefnu löngu gengna sér til húðar.

Því miður er ekki að sjá að enn sé fyrir hendi grundvallar- breyting í þessum efnunum, og hlýtur undirritaður að skírskota til almennings, að hann veiti þessari gengisfellingar- og gengissigsstefnu hart aðhald og raunar hreki hana upp að vegg, svo að lengra verði ekki haldið í stjórnun efnahagsmála á þessari braut.

Óþarfi er að rekja í hlutfallstölum, hvað erlendur gjaldeyri- r hefur lækkað á valdaferli núverandi ríkisstjórnar, þar sem öllum landsmönnum er málið vel kunnugt. Þó má minna á, að verð á bandaríkjadollar vegna gengisfellingar og gengissigs er u. þ. b. 157% hærra en það var í ágúst 1974, þegar þessi ríkisstjórn íhaldsmanna og framsóknarmanna tók völdin í landinu. Afleiðingar af þessari efnahagsstefnu gagnvart sparifjáreigendum er sú, að þeir, ungir sem aldnir, hafa sætt verðrýrnun sem nemur mörgum tugum milljóna á valdaferli þessarar ríkisstjórnar. Þetta táknar að hliðstæð upphæð hefur raunar verið veitt skuldaköngum landsins.

Allir viðurkenna í orði, að einn aðalvandi efnahagsmála á Íslandi sé verðbólga. Höfuðmarkmið í fyrstu yfirlýsingu hæstvirts forsrh., Geirs Hallgrímssonar, f. h. ríkisstjórnar sinnar var að koma ríkjandi óðaverðbólgu úr þrotabúi vinstri stjórnarinnar niður í um 15% á einu ári. Þessi yfirlýsing sem grundvallaratriði í stjórnar- samningnum hefur mistekist hrapallega og svo átakanlega, að verðbólgan sum árin hefur verið um 50%. Þegar slík hömlulaus verðbólga ríkir hjá einni þjóð er engin von til þess að nokkurt jafnvægi geti til lengdar ríkt í atvinnumálum og efnahags- málum þjóðarinnar.

Þetta frv., sem er um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, segir raunar það eitt, að íslenska krónan fellur um 13% gagnvart erlendum gjaldeyri og þeim gengismun, sem við það myndast vegna birgða í landinu á útflutningsafurðum, skuli ráðstafað á sérstakan hátt, eins og frv. greinir. Þetta er mjög á sama veg og gert hefur verið í fyrri gengisfellingum. Þó vil ég undirstrika, að í 2. gr., næstsíðustu málsgr., standa þessi orð: „Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkunir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem lög þessi taka til.“ Hér er um fremur ónákvæmt orðalag að ræða og undirritaður telur nauðsynlegt

að hæstv. forsrh. staðfesti, að áður en gengismun verði ráðstafað geti útflytjendur átt þess kost að leggja fram gögn um kostnað, sem til hefur komið vegna útflutningsstarfsemi í landinu, og fengið hann greiddan úr þessum gengismunarsjóði.

Augljóst er að í kjölfar þessarar gengisfellingar mega landsmenn eiga von á, samkvæmt fyrri reynslu, svonefndu bandormsfrumvarpi, er felur í sér nauðsynlegar ráðstafanir að mati ríkisstjórnarinnar, svo að áhrif beinnar gengisfellingar renni ekki beint út í sandinn. Það hefur vart farið fram hjá ríkisstjórninni og málsvörum hennar, að hagsmunasamtök verkalýðs og launþega almennt hafa sent frá sér yfirlýsingar, er fela í sér aðvörun um beina kjaraskerðingu á gildandi nýgerðum kjarasamningum. Ekki er undirrituðum á nokkurn hátt kunnugt um áform ríkisstjórnarinnar í þessum efnum, en hann vill minna á þessar aðvaranir frá hinum óbreyttu borgurum þessa lands. Ef takast á að koma á viðunandi jafnvægi í efnahagsmálum landsmanna og tryggja stöðuga atvinnu, sem hlýtur að vera sameiginlegt markmið allra ábyrgra einstaklinga og aðila, verður ríkisvaldið að hafa fulla samvinnu við hagsmunasamtök fólksins í landinu og gera sér grein fyrir því, að ekki verður haldið lengur áfram að „millifæra“ gríðarlegar eignafúlgur frá sparnaði hins almenna borgara yfir í skuldafenið hjá þeim er hlotnast það að fá hundruð milljóna króna lán í nafni mikilvægs atvinnurekstrar. Þetta er að mati undirritaðs slíkt grundvallaratriði til að ná eðlilegu jafnvægi og hafti á verðbólgu, að á meðan þetta er ekki tryggt í efnahagsstefnu þessarar ríkisstjórnar, má segja að baráttan sé við vindmyllur einar og því vonlaus og áfram muni almenn-ingur því reikna með verðbólgu í landinu á háu stigi og haga sér samkvæmt því.

Frumvarp þetta er sagt vera einn liður efnahagsaðgerða sem ríkisstj. er að beita sér fyrir. En okkur í stjórnarandstöðunni er ekki gerð nánar grein fyrir hvað fram undan er í þeim efnum, og meðan svo er hlýtur undirritaður að taka afstöðu á móti þessu frv.

Alþingi, 9. febr. 1978.

Jón Árm. Héðinsson.